



474. Stjórnarfundur haldinn 15. sept. 2016 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Guðjón Axelsson (GA).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá UMFÍ v/ tilnefningu til hvatningarverðlauna 2016. *Móttekið.*

Afrit af tölvupóstsamskiptum formanns blakdeildar Svandísar Þorsteinsdóttur og forstöðu íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar v/ úthlutunnar á tímum í íþróttahúsinu við Sunnubraut. *Móttekið.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Málþing Keflavíkur.

Umræður um hvernig skuli standa að því. Stefnt er að halda málþingið á næstu mánuðum.

5. Keflavíkurdagurinn.

Umræður um Keflavíkurdaginn. Spurning hvort ekki þurfi að hugsa hann upp á nýtt varðandi tímasetningu.

6. Jólblað Keflavíkur.

Umræður um hver skyldi vera í opnuviðtalinu. Ákveðið að óska eftir því við XXXX. *Framkvæmdastjóra falið að ræða við viðkomandi.*

7. Námskeið.

Námskeið í Nora skráningar- og greiðslukerfi verður haldið 19. september 2016 kl. 17:30 í sal félagsheimilis okkar fyrir stjórnarmenn og þjálfara.

8. Önnur mál.

Ákveðið að vera með skjávarpa í sal 1 og 2 sem yrðu samtengdir og einnig sýningatjöld í báðum sölum. Framkvæmdastjóra falið að skoða hvort hægt sé að nota skjávarpann sem fyrir er í sal 2 og í framhaldi af því að kaupa skjávarpa og tjöld sem sett verða upp í sal 1 og 2.

EH sagði frá því að það væri í undirbúningi að vera með framhaldsnámskeið í skyndihjálpi í október.

Jólahlaðborð aðalstjórnar verðu 10. desember.

EH sagði frá því að uppskeruhátíð yngriflokka knattspyrnudeildar Keflavíkur yrði 18. september í félagsheimili okkar kl 12:00.

Elís Kristjánsson (Elli) þjálfari yngriflokka knattspyrnudeildar Keflavíkur til fjölda ára féll frá þann 3. september eftir harða baráttu við illvígan sjúkdóm og var jarðsunginn frá Keflavíkirkirkju þann 15. september. Knattspyrnudeild Keflavíkur og undirráð hennar komu að útför Elísar. Aðalstjórn vill þakka Ella fyrir hans framlag til íþróttanna hér í Keflavík og færir fjölskyldu hans og ættingjum samúðarkveðjur. Ella verður sárt saknað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:55

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 29. September 2016 kl. 18:00.

Fundinn ritaði BS.

